

Skýrsla formanns fyrir 1998

Óskar B. Hauksson

Síðasta ár var mjög viðburðaríkt í starfsemi Skýrslutæknifélagsins enda fögnuðum við 30 ára afmæli félagsins. Árið er metár að mörgu leiti í starfsemi þess og var bryddað upp á mörgum nýjungum eins og ég kem að síðar. Í upphafi starfsársins voru sett markmið og lagðar áherslur í starfinu og er það mér mikil ánægja að geta greint frá því á þessum fundi að flest þeirra markmiða sem sett voru hafa náðst. Við stefnumótunina nýttist vel viðhorfsskönnunin sem félagið lét gera á meðal félagsmanna.

Ráðstefnu- og fundahald

Sett voru markmið að halda 5-6 hádegisfundi á árinu og grípa tækifæri til að koma að þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni. Haldnir voru 5 hádegisfundir og var fjallað um mál sem voru í brennidepli, til dæmis um gagnagrunn á heilbrigðissviði og samkeppni á fjarskiptamarkaði. Alls sóttu 495 manns þessa fundi eða 99 manns að meðaltali og verður það að teljast mjög góð þátttaka.

Ráðstefnuhald var einnig líflegt og hélt félagið alls 6 hálf dags ráðstefnur sem 725 sóttu. Þessi mikla aðsókn að ráðstefnum segir okkur að þær hafa öðlast fastan sess á meðal félagsmanna. Aðsóknin ein segir hins vegar ekki allt, reglubundnar gæðamælingar eru mikilvægar til að bæta undirbúning ráðstefna. Við rennum oft blint í sjóinn með val á fyrirlesurum, sérstaklega þeim erlendu. Skoðanir ráðstefnugesta í viðhorfsskönnunum endurspeglar hvernig til tekst í hvert sinn. Að meðaltali fengu ráðstefnur félagsins einkunnina 4,2 (af 5 mögulegum) á árinu 1998 og verður það að teljast ágætur árangur.

Meginatriðið í ráðstefnuhaldinu er ekki aðsókn eða fjöldi fyrirlesara heldur að ráðstefnur séu áhugaverðar fyrir félagsmenn. Möркуð var sú stefna í upphafi árs að bjóða upp á breidd í efnistöku en jafnframt að hver ráðstefna væri með fókus á ákveðið efni. Haldnar voru ma. ráðstefnur um tungutækni og samruna síma- og tölvutækni.

Eitt af markmiðum ársins var að stórauka markaðssetningu ráðstefna og funda með tölvupóstsendingum til félagsmanna. Þetta form hefur gefist mjög vel og fer sífellt stækkandi það hlutfall gesta sem skráir sig með því að senda svarskeyti til skrifstofu félagsins.

Mikil vinna er við undirbúning ráðstefna og er hér um óeigingjarnt starf sem unnið er í sjálfböðavinnu af stjórnarmönnum og öðrum félagsmönnum. Í auknum mæli hafa ráðstefnur og fundir verið haldnir í samvinnu við önnur félög og er útlit fyrir að slíkt muni aukast á næsta starfsári.

Sett var met í aðsókn á árinu en alls sóttu 1230 manns fundi og ráðstefnur félagsins og komu að meðaltali 112 á hvern atburð. Þetta þýðir að aðsókn hefur aukist í heild um 60% á milli ára og meðalaðsókn á fund um 17%.

Útgáfumál

Útgáfa Tölvumála er ein af meginþáttum í þjónustu við félagsmenn og kom það skýrt fram í viðhorfsskönnuninni. Ákveðið var að renna styrkari stoðum undir útgáfu Tölvumála en uppi höfðu verið hugmyndir um að draga úr útgáfu eða hætta henni alveg. Ráðist var í útlitsbreytingar og gefið út veglegt afmælisblað. Alls voru gefin út 4 tölublöð, samtals 132 blaðsíður með 40 greinum. Unnið hefur verið að því á síðustu vikum að fjölga verulega í ritstjórn Tölvumála og efla útgáfuna. Taka þarf auglýsingamál til endurskoðunar en tekjur af auglýsingum í Tölvumálum hafa minnkað upp á síðkastið. Styrkja þarf enn frekar tengslin á milli stjórnar félagsins og ritstjórnar.

Ráðist var í gagngerar endurbætur á vef félagsins á árinu 1997 og er hann orðinn virkur miðill fyrir fréttir af starfsemi þess og eru þar birtar jafnvel samdægurs fregnir af ráðstefnum og niðurstöður Gallup kannanna sem félagið hefur staðið að um 2000 málið. Efni Tölvumála er nú birt á vefnum ásamt ýmsum upplýsingum um starfsemi félagsins. Vinna þarf að því á næstu vikum og mánuðum að samræma enn betur útgáfu Tölvumála og aðra útgáfu á vegum félagsins. Markmið sem sett voru í upphafi starfsársins hafa öll náðst hvað varðar vefútgáfuna.

Orðasafn

Útgáfa Tölvuorðasafnsins markaði viss tímamót í sögu félagsins. Markaðssetning þess gekk vel og hafa nú selst um 700 eintök af ritinu sem er mjög góður árangur. Í því efni ber sérstaklega að þakka Olúfélaginu hf. fyrir þess hlut í því að kynna og selja orðasafnið til safnkortshafa en sú markaðssetning bar mikinn árangur.

Við afhendingu orðasafnsins hjá Forseta Íslands vöknudú ýmsar hugmyndir um eflingu íslenskrar tungu og hvernig væri hægt að nýta orðasafnið í þeim efnum. Meðal annars voru ræddar hugmyndir um að nálgast Microsoft með öðrum aðferðum en gert hafði verið áður. Við vitum öll hver niðurstaða þessa máls varð en við undirritun samnings ríkisins við Microsoft voru félaginu færðar þakkir fyrir þess hlut. Ein þeirra hugmynda sem rædd var við forsetann var að gera orðasafnið aðgengilegt á öllum tölvum sem seldar eru á Íslandi. Skoða þarf hvernig hægt er að hrinda þessu í framkvæmd og verður það verkefni á dagskrá á komandi mánuðum.

Erlent samstarf

Óhætt er að fullyrða að erlent samstarf var með miklum blóma á síðasta ári. Þátttaka í CEPIS og á norrænum vettvangi eflist verulega.

Á vettvangi CEPIS ber hæst vinna við svokallað tölvuökuskírteini sem er Evrópskt hæfnisvottorð fyrir almenna tölvukunnáttu. Skýrslutæknifélagið ákvað að ganga til samstarf við danska systurfélagið og hefja undirbúning og markaðssetningu hér á landi. Þessu verkefni fylgir töluverð vinna og kostnaður fyrir félagið en þýða þarf hæfniskröfur og próf. Verkefnið verður formlega kynnt á skólaráðstefnu sem félagið hefur undirbúið í samvinnu við menntamálaráðuneytið og haldin verður 26. og 27. febrúar nk.

Haldinn var hér á landi fundur norrænna skýrslutæknifélaga en mikill uppgangur er í starfi systurfélaga okkar. Mikilvægt er fyrir félagið að vera í góðum tengslum við þessi félög sem eru að vinna að mörgum áhugaverðum viðfangsefnum. Má í því sambandi nefna starf danska félagsins við kynningu á 2000 vandanum.

Afkoma

Á árinu 1997 var methagnaður í sögu félagsins en á síðasta ári var hagnaður einungis 72 þkr. Í starfsemi eins og hjá Skýrslutæknifélaginu er hagnaður ekki meginmarkmið heldur að halda uppi áhugaverðri starfsemi fyrir félagsmenn. Traust fjárhagsstaða er hins vegar mikilvæg, eigi félagið að geta haldið úti öflugum starfi. Ljóst var að á afmælisári yrðu útgjöld meiri en á venjulegu starfsári en leitast var við að hafa ráðstefnur veglegar og brydda upp á ýmsum nýjungum í starfsemi félagsins. Á komandi ári þarf að efla kostnaðaraðhald og auka tekjur, til dæmis af auglýsingum. Vonast er til að tölvuökuskírteinið verði umtalsverður tekjupóstur í starfi félagsins á komandi árum.

Innlent samstarf

Ákveðin tímamót urðu í starfi félagsins þegar gengið var til samstarfs við Staðlaráð Íslands og Gæðastjórnunarfélagið um húsnæðismál. Í kjölfarið flutti félagið starfsemi sína í Holtagarða í mun betra húsnæði en félagið hafði. Munar þar mestu um góða fundaaðstöðu sem nýtist vel fyrir undirbúningshópa og faghópa félagsins. Áfram verður unnið að því að efla samstarf við önnur innlend félög, sérstaklega á sviði stjórnunar.

Faghópar

Mikilvægt er að efla þátttöku hins almenna félagsmanns í starfi Skýrslutæknifélagsins. Stofnun faghópa er mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni. Stofnaður var á árinu faghópur um 2000 vandann og hefur hann unnið mikilvægt starf sem vakið hefur athygli fjölmiðla á félaginu. Starfsemi faghópsins hefur verið öflug og hefur hann ma. staðið fyrir Gallup könnunum og tveimur hádegisfundum. Einnig hefur hópurinn birt efni um málefnið á heimasíðu félagsins. Mikilvægt er að efla þennan þátt í starfsemi félagsins með stofnun fleiri hópa.

Stiklað hefur verið á stóru í starfsemi félagsins á síðasta ári sem var mjög viðburðaríkt eins og komið hefur fram. Starfsemi félagsins vakti einnig mun meiri athygli fjölmiðla en áður hefur þekkst en gera þarf enn betur í þeim efnum. Fjölmarginir einstaklingar, innan og utan stjórnar, hafa lagt hönd á plóginn og eflt starfsemi félagsins. Þeim vil ég þakka sérstaklega og vonast til að þeir starfi áfram með félaginu að þeim áhugaverðu verkefnum sem framundan eru.

Á þessum aðalfundi eru þrír félagsmenn að hætta störfum í stjórn og nefndum fyrir félagið. Þeir eru Heimir Sigurðsson, sem hefur verið í stjórn félagsins í fimm ár, var fyrst kosinn á aðalfundi 1994, Agnar Björnsson, sem hefur verið í ritstjórn Tölvumála í þrjú ár, þar af ritstjóri í eitt ár og Snorri Agnarsson, sem hefur verið í síðanefnd frá því að henni var fyrst komið á lagginnar, eða frá árinu 1992.

Skýrslutæknifélag Íslands þakkar þeim öllum vel unnin störf í þágu félagsins.